

## Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2011

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 16 fundir á árinu 2011. Fjöldi erinda var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	64
Viðbætur/breytingar	19
Fyrirspurnir	113
<b>Samtals</b>	<b>196</b>

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2007	2008	2009	2010	2011
69	93	74	67	64

Nýjar umsóknir voru 64 en árið áður voru þær 67. Af nýjum umsóknum voru nemaverkefni 28 og 14 meistara og doktorsverkefni. Heildarfjöldi námsverkefna hefur aðeins aukist frá því 2010.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

Samþykkt án athugasemda	10
Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum	49
Óskað frekari upplýsinga	2
Hafnað	1
Heyrðu ekki undir nefndina	2

Nefndarmönnum var boðið á ársfund Vísindasiðnefndar þann 16. febrúar 2011 þar sem umfjöllunarefnið var gagnagrunnar í vísindarannsóknum. Kristján Steinsson formaður gerði grein fyrir starfsemi siðanefndar árið 2010.

Á árinu bættust við tveir varamenn þau Pétur Luðvigsson læknir og Helga Þórðardóttir.

Formaður og forstöðumaður fóru í byrjun júní á kynningarfund hjá nefnd sem vinnur að gerð frumvarps til laga um vísindarannsóknir.

Nefndarmenn í árslok eru:

Kristján Steinsson yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn  
-Þórður Sigmundsson yfirlæknir, varamaður

Jón G Snædal yfirlæknir, tilnefndur af lækna ráði  
- Sigrún Reykdal læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði  
-Eydís Sveinbjarnardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Oddur Gunnarsson lögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn  
-Helga Þórðardóttir lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af  
framkvæmdastjórn  
-Ólöf Ámundadóttir sjúkráþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands  
-Pétur Luðvigsson læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu  
-Ástríður Stefánsdóttir dósent, varamaður.

Reykjavík, 21. mars 2012

---

Kristján Steinsson, formaður

---

Jónína Sigurðardóttir, forstöðumaður